

Námsstöður deildarlækna í lyflækningum við Landspítala

Námsstöður deildarlækna í lyflækningum við Landspítala

Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í lyflækningum við Landspítala. Stöðurnar eru veittar til allt að þriggja ára frá 29. ágúst 2016 eða eftir samkomulagi. Um fullt starf og nám er að ræða.

Landspítali býður:

- Fyrri hluta sérfræðináms í lyflækningum í allt að þrjú ár. Námið er samkvæmt marklýsingu og undir handleiðslu Royal College of Physicians í Bretlandi.
- Handleiðara, sem hafa fengið sérstaka þjálfun.
- Fimm kennslustjóra sem taka að sér tiltekin verkefni sem snúa að náminu auk rúmlegra eitt hundrað sérfræðilækna með breiða þekkingu í lyflækningum.
- Rafrænt skráningarkerfii (ePortfolio) sem heldur utan um framgang námslæknis.
- Skipuleg fræðsla, hermikennsla og undirbúningur fyrir MRCP prófin.
- Rannsóknarverkefni undir handleiðslu leiðbeinanda.
- Nám samhliða starfi.
- Námsráðstefnur skv. kjarasamningi.
- Námsfni í lyflækningum.
- Hvatningu til að taka þátt í unglæknastarfi við Evrópusamtök lyflækna (EFIM).
- Að námslæknar sækji um að stunda meistaranám eða doktorsnám við Læknadeild Háskóla Íslands.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna og nám á legu-, dag- og göngudeildum ásamt vaktþjónustu .
- Vinna við ráðgjöf lyflækninga á deildum Landspítala, undir umsjón sérfræðilækna.
- Kennsla kandidatekta, læknanema og annarra fagstétta heilbrigðisstarfsmanna.
- Þátttaka í vísindavinnu.
- Framhaldsnám í almennum lyflækningum.
- Standast þarf árlegt stöðumat, til að námslæknir geti færst yfir á næsta námsár.

Hæfnikröfur

- Hafa lokið kandidatekna og hafa lækningaraleyfi á Íslandi eða uppfylla skilyrði til þess.
- Áhugi á að starfa við lyflækningar.
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir "laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um námsferil og fyrri störf. Umsækjendum sem uppfylla skilyrði verður boðið í viðtal og byggir ráðning m.a. á frammistöðu í viðtali og innsendum gögnum.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar 2016**.

Nánari upplýsingar veitir

Friðbjörn Sigurðsson framhaldsmenntunarstjóri - fridbjor@landspitali.is – sími 543 6550.